



Stjórn SSH 330. fundur

Mánudaginn 5. janúar 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson formaður, Gunnar Einarsson, Gunnar I. Birgisson, Lúðvík Geirsson, og Sigurður Magnússon. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Haraldur Sverrisson formaður setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Staða og framtíð SSH – endurskoðun á hlutverki landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Fyrir lá erindi starfshóps um endurskoðun á hlutverki landshlutasamtaka sveitarfélaga með spurningum um stöðu og hlutverk SSH. jafnframt lá fyrir undir þessum lið minnisblað stjórnarformanns og framkvæmdastjóra varðandi mögulega endurskoðun á hlutverki og samþykktum SSH, ásamt upplýsingasamantekt um verkefni SSH að undanfögnu o.fl. Ennfremur lágu fyrir drög að svari við fyrirspurn starfshóps um endurskoðun á hlutverki landshlutasamtaka.

Farið var yfir minnisblaðið og fyrirbyggjandi gögn - umræður.

Niðurstaða:

Stjórnarmenn sammála um að rétt sé að yfirfara samþykktir SSH og meta þörf á breytingum á samþykktum í ljósi þróunar á starfi samtakanna. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa frekari umræðu.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá svari SSH til starfshóps um endurskoðun á hlutverki á hlutverki landshlutasamtaka sveitarfélaga í ljósi umræðna á fundinum.

2. Vegaskrá 2009 – viðhorf og viðbrögð Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir lá afrit af bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga til Samgönguráðherra þar sem gerðar eru athugasemdir vegna nýrrar vegaskrár sem birt hefur verið á heimasíðu Vegagerðar ríkisins. Athugasemdirnar lúta einkum að einhliða tilkynningu Vegagerðarinnar án samráðs við samtök sveitarfélaga eða einstök sveitarfélög, og án þess að fyrir hafi legið kostnaðarmat sem sýni áhrif breytinga sem af nýrri vegaskrá á kostnað sveitarfélugganna.



Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH tekur af fullum þunga undir þær athugasemdir sem fram koma í bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og telur óásættanlegt að gengið sé frá slíkri yfirfæslu vega með tilheyrandi kostnaði til sveitarfélaganna án samráðs og án þess að tekjur komi á móti auknum kostnaði.

Framkvæmdastjóra falið að hafa samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga um framhald máls.

Jafnframt var samþykkt að láta taka saman upplýsingar um akstur á höfuðborgarsvæðinu og skiptingu milli akstur á gatnakerfi sveitarfélaganna annars vegar og vegum ríkisins hins vegar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:50